



Hafnarfjörður 9. Júní 2022

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað)**

Íslensk hollusta er fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði og framleiðir áfengi undir merkinu Og natura. Í þrjú ár höfum við framleitt vín úr íslenskum hráefnum, eftir gömlum íslenskum aðferðum og erum við eina fyrirtækið á landinu sem býr til vín úr berjum frá grunni. Við hvetjum því til þess að lagafrumvarpið verið víðtækara fyrir fjölbreyttari drykkjum þannig að nýsköpun eins og vínframleiðslan okkar falli undir lagarammann.

Með sölu beint frá framleiðanda hafa litlu brugghúsin og vínframleiðendur meira frelsi til að bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval. Ásamt því að auka framboð á ferskari drykkjarvörur og árganga af mismunandi vörum án þess að reiða sig á að halda úti lager hjá Vínbúðinni, sem setur kröfur á ákveðna sölu og takmarkaðan búðarfjölda sem stakt vörunúmer getur verið í.

Lagabreyting þessi stuðlar að sanngirni á markaði, styður við lítil íslensk fyrirtæki og styrkir nýsköpun í drykkjarframleiðslu.

Fyrir hönd Íslenskrar Hollustu

Liljar Már Þorbjörnsson

Ragnheiður Eyjólfsdóttir

Stjórnarmenn Íslenskrar hollustu og stofnendur Og natura